



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 1. október 2015

Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífeyrissjóðs bænda

Á öðrum ársfjórðungi 2015 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á lánveitingum Lífeyrissjóðs bænda. Kallað var eftir upplýsingum og gögnum um tíu hæstu og tíu nýjustu lánin í flokki fasteignatryggðra lána. Níu lán voru tekin til frekari skoðunar.

Athuginin beindist að því að kanna hvort lánveitingar væru innan lagaheimilda 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (sIsl), fjárfestingaheimilda og innri reglna sjóðsins. Niðurstöður lágu fyrir í september 2015.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við það verklag sjóðsins að ekki þyrfti í öllum tilfellum að ganga úr skugga um raunverulegt kaupverð eigna við lánveitingar fasteignalána heldur væri litið svo á að verðmat löggilts fasteignasala væri mat á væntu söluandvirði, markaðsvirði. Það var mat Fjármálaeftirlitsins að þegar fyrir lægi að um lán til kaupa á fasteign væri að ræða teldist kaupverð fasteignarinnar hið metna markaðsverð í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. sIsl en ekki verðmat fasteignasala. Með vísan til framangreinds gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við flokkun tiltekins veðskuldabréfs í skýrsluskilum sjóðsins. Sjóðurinn hafði flokkað veðskuldabréfið undir 3. tölulið 1. mgr. 36. gr. sIsl. en þar sem veðhlutfall var yfir 75% af markaðsmati bar sjóðnum að flokka veðskuldabréfið undir 9. tl. 1. mgr. 36. sIsl.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Lífeyrissjóður bænda yfirfæri og flokkaði öll fasteignalán sjóðsins með hliðsjón af niðurstöðu úttektarinnar og sendi eftirlitinu skriflega greinagerð eigi síðar en 1. desember nk. Þá var gerð krafa um að sjóðurinn endurskoðaði verklagsreglur, verkferla og lánareglur vegna lána sem sjóðurinn hyggðist flokka sem fasteignalán og sendi Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 1. febrúar nk.